

3. fundur í hreppsnefndar Árneshrepps haldinn sunnudaginn 30.apríl 2017 kl. 13:00. Fundað verður á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Elín Agla Briem skrifar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Framvindan með Norðurfjarðarhöfn, gjaldskrá og fleira.
2. Svæðisskipulag Vestfjarða, minnisblað, viðauki og væntanleg aðild Árneshrepps.
3. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, lögð fram til kynningar og samþykktar.
4. Erindi frá IceTraveler, lagt fram til kynningar og ákvörðunar.
5. Finnbogastaðaskóli og kennaraíbúð. Framkvæmdir við íbúð, auglýsing á lausum stöðum, ráðning vegna gistiþjónustu í sumar o.fl.
6. Endurprentun á Árneshreppskorti.
7. Hvalárvirkjun, minnisblað unnið að Verkís hf. lagt fram til kynningar. Heimild til breytingar á aðalskipulagi vegna vegagerðar úr Ófeigsfirði að virkjunarstæði.

1. Framvindan með Norðurfjarðarhöfn, gjaldskrá og fleira.

Lagt er áhersla á að mikilvægt sé að klára þessi mál sem fyrst. Oddviti mun skrifa Króli efh varðandi málefni hafnarinnar með afriti til Vegagerðarinnar.

Kranagjald er ákveðið kr 350 á hvert byrjað tonn (löndun). Að öðru leyti stendur gjaldskrá frá fyrra ári.

Skoða þarf í samvinnu við Orkubú Vestfjarða að setja rafmagn á nýju flotbryggjuna.

Erindi Elínar Öglu um laun vegna skýrslugerðar til Fiskistofu var samþekkt.

Rætt verður við Björn Axel Guðbjörnsson um að taka að sér leiðbeiningar á nýjum löndunarkrana og aðra tilfallandi vinnu við höfnina sem og að innheimta hafnargjöld.

137.

Samningur við Gunnstein Gíslason var lagður fram og kynntur og samþykktur. Eftir er að gera breytingu á samningum þar sem upphæð verður bætt inn kr 500000.

2. Svæðisskipulag Vestfjarða, minnisblað, viðauki og væntanleg aðild Árneshrepps.

Hreppsnefnd tekur þá ákvörðun að taka þátt í svæðisskipulagi 9 sveitarfélaga á Vestfjörðum. Oddviti verður áfram fulltrúi í sameiginlegri svæðisskipulagsnefnd og annar fulltrúi verður valinn síðar.

3. Fundargerð Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, lögð fram til kynningar og samþykktar.

Fundargerð var kynnt og samþykkt.

4. Erindi frá IceTraveler, lagt fram til kynningar og ákvörðunar.

Unnið verður að því að þýða hluta heimasíðu Árneshrepps yfir á ensku. Ákveðið var að kaupa þjónustu IceTraveler til eins árs.

5. Finnbogastaðaskóli og kennaraíbúð. Framkvæmdir við íbúð, auglýsing á lausum stöðum, ráðning vegna gistipjónustu í sumar o.fl.

Ákveðið var að fresta viðgerð á kennaraíbúð. Áhersla lögð á að fara í framkvæmd í íbúð 1 í Kaupfélagshúsi.

Samþykkt var samhljóða að ráða Ástu Þorbjörgu Ingólfssdóttur til að sjá um sumargistingu í Finnbogastaðaskóla. Gera þarf starfslýsingu fyrir starfið.

Ákveðið var að fara í framkvæmdir á þaki á félagsheimilinu. Samþykkt var að kaupa litað ál.

Oddviti mun auglýsa í stöðu kennara, skólastjóra, matráðs og ræstingastarf.

6. Endurprentun á Árneshreppskorti.

Oddviti mun ræða málið við Ingibjörgu Valgeirsdóttur.

7. Hvalárvirkjun, minnisblað unnið að Verkís hf. lagt fram til kynningar. Heimild til breytingar á aðalskipulagi vegna vegagerðar úr Ófeigsfirði að virkjunarstæði.

Minnisblöð lögð fram til kynningar og ákveðið var að vísa frá tímabundið heimild til breytinga á aðalskipulagi vegna vegagerðar Hvalármel uppá Strandafjöll. Oddviti mun hafa samband við Vesturverk ehf og Verkís efh varðandi framhald málsins. Ákveða þarf nýja dagsetning fyrir fund sem fyrirhugaður var í maí með Vesturverki og HS orku.

138.

Hreppsnefnd mun í millitíðinni kynna sér betur álit Skipulagsstofnunar með það að markmiði að ræða það betur á næsta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15.50